

## Fundur Foreldrafélags Lágafellsskóla – 5. Fundur - Skólaárið 2021-2022

### 30. nóvember 2021 kl. 20.30 – Staðsetning: Fjarfundur

**Mættir:** Eva Ómarsdóttir, Helga Dóra Magnúsdóttir (fundarritari), Sævar Kristinsson og Petra Eiríksdóttir.

#### Dagskrá fundarins:

- Eva og Petra fóru á fund skólaráðs og kynntu hvað þar fór fram.
  - o Fjallað var um símalausa verkefnið
  - o Skólastjóri kynnti verkefnið á starfsmannafundi og það var almenn jákvæðni á meðal starfsmanna.
  - o Skólasjóri ræddi við íþróttakennara um að fá íþróttahúsið lánað fyrir unglinga, en í ljós komu nokkur vandkvæði sem þyrfti að leysa.
  - o Hugmyndir um að kaupa borðtennisborð og aðra svipaða afþreyingu fyrir unglingana, þyrfti að nýta plássíð í unglingadeildinni öðruvísi og betur, hugmyndir komu fram um að nota bókasafnið fyrir spil, lestur og teikningu o.fl.
  - o Stefnan á að hefja þetta í síðasta lagi næsta skólaár, þannig að næsti 8. bekkur megi ekki vera í símanum, eins og er núna með 7. bekk og yngri.
- Næstu skref í skólalóðamálinu
  - o Verið að fara yfir fjárhagsáætlun. Lágafellsskólai fær einhverja aukningu, ekki svigrúm fyrir mikla aukningu.
  - o Gert ráð fyrir 30 mkr í endurbætur á skólalóðum í Mosfellsbæ í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2022.
  - o Fá mögulega umhverfissálfræðing í lið með okkur og koma með hugmyndir, núna í desember.
  - o Stjórnin vill láta gera út öryggisúttekt og fá Herdís Storgaard með okkur í lið og hitta hana strax í Janúar.
  - o Mosfellsbær hefur boðað það að hefja úttekt á leikskóla-og skólalóðum, heyra í verkefnastjóra þeirrar úttektar með hvenær Lágafellsskóli verði tekinn fyrir, hvaða fjármagn eigi að setja í verkefnið, markmið og tímaáætlun o.fl.
  - o Í kjölfarið taka saman samantekt og senda erindi á Mosfellsbæ.
- Gjöld verða send út fljótlega vegna foreldrafélags
- Jólaglaðningur fyrir starfsfólk skólans
  - o Matarkyns – ostakörfur/sælgæti
  - o Aðrar hugmyndir komu fram sem eru til skoðunar
- Ný dagsetning fyrir kaffihúsakvöld
  - o Fá Kolbrúnu fyrirlesara á kaffihúsakvöld um miðjan janúar. Auglýsa sem fyrst.
- Skipuleggja annan fyrirlestur eftir áramót, meira stílað inná foreldra yngra og miðstigs
  - o Í febrúar/mars um t.d. útiveru (Sabína Steinunn Halldórsdóttir) eða annað slíkt. Athuga hvort Sabína sé laus til að taka tvenns konar fyrirlestra, annars vegar fyrir starfsmenn leik- og grunnskólans og hins vegar fyrir foreldra.
- Stjórn foreldrafélagsins hefur áhuga á að styrkja heimsókn nemenda Lágafellsskóla til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Athuga það í samstarfi við skólastjórnendur.

Næsti fundur áætlaður í janúar.

Fundi slitið kl. 21.45